

Borgarstjórn
19. júní 2018

Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um niðurfellingu byggingarréttargjalds

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að afnema skuli byggingarréttargjöld og skal ákvörðunin vera afturvirk til þess dags er gjöldin voru álögð í fyrsta sinn.

Greinargerð

Samkvæmt lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir er meginreglan sú að stofnframlag ríkisins skal nema 18% af stofnvirði almennrar íbúðar og stofnframlag sveitarfélags skal nema 12%. Reykjavíkurborg rukkar eitt sveitarfélag þetta nýtilkomna gjald sem gerir það að verkum að stofnframlag borgarinnar verður ekkert en leiðir til mikils kostnaðarauka sem fer beint til hækkunar íbúðaverðs.